



Til: kristine@althingi.is  
Efni: Fw: IMMI verkefnið - upplýsingar um stöðu mála  
Upplýsingar: Sent: 04.03.2013 18:03:14 af Margrét Magnúsdóttir  
Málsnúmer: MMR10060549  
Málalyklar: 0.4.3

---

Tilvísun í mál: MMR10060549

Sæl Kristín,  
Skv. umtali þá kemur hér minnisblaðið.  
Kær kveðja,  
Margrét

// NEW Custom form LAYOUT STARTS HERE //



Minnisblað

Tilmæli ráðherra

Bréfalyklar: 0.4.3

Efnisorð: Alþingi; Þingsályktunartillögur

Eftirfylgni

Skrá í dagatal:



Fá rýni

# Mennta- og menningarmálaráðuneytið

## M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd**  
Sendandi: **Stýrihópur um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis**  
Dagsetning: **04.03.2013**  
Málsnúmer: **MMR10060549**  
Bréfalykill: **0.4.3**

Efni: **IMMI verkefnið - upplýsingar um stöðu mála**

### Forsaga málsins:

Þann 16. júní 2010 var samþykkt þingsályktun á Alþingi þess efnis að Ísland skapi sér afgerandi sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Felur ályktunin í sér að leitað verði leiða hér á landi til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er falið að vinna að framgangi þingsályktunarinnar og samkvæmt henni á ráðherra að upplýsa stöðu verkefnisins innan stjórnarráðsins.

Fljótlega eftir að þingsályktunin barst mennta- og menningarmálaráðuneyti með bréfi forseta Alþingis, þann 28. júní 2010, var hafist handa við greiningu á efni hennar og skyldum ráðuneytisins í því efni. Þá var jafnframt skoðuð löggjöf í nágrennaríkjunum og farið yfir þau álitaefni sem þingsályktunin tekur til. Í kjölfarið voru haldnir fundir með ráðuneytum og stofnunum sem málið varðar. Það var ljóst í upphafi að verkefnið er metnaðarfullt og umfangsmikið þar sem það nær til fjölda ráðuneyta og stofnana þeirra og hefur áhrif víða í samfélaginu og gæti jafnvel gert víðar í veröldinni. Þar sem engin fjárveiting fylgdi þingsályktuninni frá Alþingi var á hinn bóginn ekki unnt að ráðast í nauðsynlega greiningu á ýmsum tálum í lögum fyrir framgangi þeirra markmiða sem kveðið er á um í ályktuninni. Í desember 2011 ákvað ríkisstjórnin að leggja til 8 m.kr. í fjárukalögum til verkefnisins. Í kjölfarið var skipaður stýrihópur þann 3. maí 2012 og er honum ætlað að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar með hliðsjón af þjóðréttarskuldbindingum Íslands. Í stýrihópnum sitja m.a. sérfræðingar úr mennta- og menningarmálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, innanríkisráðuneyti, fjölmiðlanefnd og IMMI-stofnuninni með sérþekkingu á sviði tjáningarfrelsis og á sviði tækni og alþjóðlegra skuldbindinga. Formaður stýrihópsins er Ása Ólafsdóttir, dósent í lagadeild Háskóla Íslands. Samkvæmt skipunarbréfi er stýrihópnum ætlað að skila tillögum sínum í formi greinargerðar sem á að geyma umfjöllun um helstu álitaefni og stefnumörkun fyrir efnisþætti nauðsynlegra lagabreytinga í samræmi við niðurstöður hennar. Þá er kveðið á um að umfjöllun í greinargerð skuli vera greinandi með ítarlegum rökstuðningi fyrir ástæðum tillagna, styrkleikum þeirra og ávinningi. Á grundvelli greinargerðar stýrihópsins er áætlað að lagst verði í nauðsynlegar lagabreytingar og eftir atvikum samin ný löggjöf. Ráðgert að stýrihópurinn ljúki störfum eigi síðar en í maí 2013.

### Um framgang verkefnisins:

Lögð hefur verið áhersla á að verkefnið verði sem mest sýnilegt almenningi. Í tengslum við það var þingsályktunin sérstaklega kynnt og í því sambandi hefur verið útbúin sérstök vefgátt á heimasíðu ráðuneytisins þar sem almenningi er gert kleift að fylgjast með starfi stýrihópsins og koma athugasemdum og ábendingum á framfæri til hans. Stýrihópnum hafa borist bæði munnlegar og skriflegar athugasemdir. Aukinheldur hefur stýrihópurinn átt fundi með ýmsum sérfræðingum um afmarkaða efnisþætti þingsályktunarinnar við vinnslu verkefnisins.

Þá má geta þess að hinn 22. janúar sl. var haldið málþing um tjáningarfrelsi og vernd afhjúpenda á vegum stýrihópsins. Með málþinginu var leitast við að varpa ljósi á þær tillögur sem lagðar eru fram í þingsályktuninni. Jafnframt fjölluðu frummælendur um ólík málefni tengd tjáningarfrelsi og vernd

afhjúpenda og hvert bæri að stefna í tengslum við lagasmíð um afhjúpendur á Íslandi. Þar að auki var rætt um tjáningarfrelsi blaðamanna í ljósi nýlegra dóma Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu. Málþingið var tekið upp og er áætlað að það verði aðgengilegt á vefgátt ráðuneytisins á allra næstu dögum.

Á fundi mennta- og menningarmálaráðherra með formanni stýrihópsins þann 11. júní sl. var m.a. rætt um verklag og vinnu stýrihópsins við framgang verkefnisins. Formaðurinn lagði til að stýrihópurinn myndi eftir atvikum leggja til eða undirbúa jafnóðum nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf ef stýrihópurinn teldi þær tillögur falla vel að tilgangi þingsályktunarinnar. Í tengslum við framangreint væri mikilvægt að tryggja góða samvinnu innan stjórnarráðsins þar sem tillögur stýrihópsins gætu átt undir málefnasvið annarra ráðuneyta og því er nauðsynlegt að þeim verði komið í réttan farveg innan stjórnarráðsins.

Nú þegar hefur reynt á framangreint. Í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni er áréttað að mat flutningsmanna tillögunnar að gerðar verði tillögur um vernd afhjúpenda en fyrirmynd að slíkri löggjöf er að finna í ýmsum nágrannaríkjum Íslands. Tóku flutningsmenn fram að til greina komi að breyta ákvæðum um þagnarskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, sbr. lög nr. 45/1998 og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í því skyni. Stýrihópurinn hefur haft þetta til skoðunar og telur að skýrar reglur um þagnarskyldu opinberra starfsmanna séu mikilvægar til að tryggja framangreind atriði og stöðu afhjúpenda, en áður væri þó brýnt að afmarka nánar til hvaða atriða þagnarskylda opinberra starfsmanna nær hverju sinni. Af því tilefni kom á fund stýrihópsins, þann 15. ágúst sl., dr. juris Páll Hreinsson dómari við EFTA-dómstólinn og greindi frá rannsókn sinni um þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Páll hefur að undanförmu lagst í ítarlega rannsókn á málsmeðferðarreglum stjórnarsýsluréttarins og þá sérstaklega um þagnarskyldu og tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hefur leitt í ljós eitt einkenna íslensks stjórnarsýsluréttar er varðar þagnarskyldureglur sem felst í því annars vegar hversu mörg og hins vegar hversu matskennd þessi ákvæði eru. Hugmyndir Páls snúast um að bæta nýjum kafla við stjórnarsýslulögin um þagnarskyldu opinberra starfsmanna, þ.e. að reglan um þagnarskyldu verði nánar afmörkuð og þau sjónarmið sem ráða eigi þagnarskyldu nánar dregin fram. Slík breyting væri til samræmis við reglur í Danmörku og Noregi. Páll lagði til að samhliða þessu yrði hugað að lagahreinsun í formi bandorms á gildandi þagnarskylduákvæði, en hann nefndi að þagnarskylduákvæði í íslenskum rétti væru afar mörg (um 140 talsins) og að flest þeirra gildi um afmarkaðan hluta stjórnarsýslunnar. Í kjölfarið fékk forsætisráðuneyti Pál Hreinsson til að semja frumvarp til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 í samræmi við ábendingar frá stýrihópnum. Með frumvarpinu væri stefnt að því að einfalda og samræma lagaákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og skýra skyldur þeirra varðandi meðferð trúnaðarupplýsinga, sbr. þingmálaskrá forsætisráðherra. Hins vegar hefur komið ljós að forsætisráðherra mun því miður ekki leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi.

Þann 28. júní sl. óskaði stýrihópurinn eftir álit refsiréttarnefndar innanríkisráðuneytisins á því hvort afnema skuli refsingar vegna ærumeiðinga í XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 40/1940, og jafnframt hvort rétt sé að réttarúrræði vegna ærumeiðinga verði alfarið færð af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar, eftir atvikum með nánari útfærslu á 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Hvatann að þessu má t.d. rekja til þess að ákvæði XXV. kafla hegningarlaganna hafa staðið nánast óbreytt frá því að þau voru sett árið 1940 þó að gerðar hafa verið miklar umbætur á sviði mannréttinda síðan þá. Í ljósi framangreinds hefur sprottið upp umræða um hvort efnisatriði XXV. kafla hegningarlaganna fái staðist nýrri viðhorf til mannréttinda m.a. með hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Aukinheldur ber að nefna breytt viðhorf í dómum Hæstaréttar Íslands og má það ekki síst rekja til áhrifa frá dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Þó svo að Mannréttindadómstóllinn hafi ekki lýst því yfir að refsíákvæði vegna ærumeiðinga séu sem slík ósamrýmanleg ákvæðum Mannréttindasáttmálanum, þá virðist dómstóllinn í auknum mæli gagnrýna notkun refsinga sem úrræðis á þessu sviði. Evrópuráðið hefur einnig hvatt aðildarríki til að fella úr gildi eða endurskoða refsíákvæði sín um ærumeiðingar. Þann 12. nóvember 2012 barst stýrihópnum álit refsiréttarnefndar. Niðurstaða nefndarinnar er m.a. sú að til greina komi að afnema refsíákvæði

234.-237. gr. almennra hegningarlaga um ærumeiðingar, að hluta eða öllu leyti. Það hafi ekki áhrif á niðurstöðu nefndarinnar þótt tiltölulega stutt sé síðan að Hæstiréttur Íslands dæmdi mann til refsingar fyrir ærumeiðingar, sbr. dóm í máli nr. 424/2009 frá 11. febrúar 2010. Þessar breytingar hefðu það í för með sér að einstaklingar gætu ekki gert refsikröfu í einkamáli sem höfðað væri vegna ærumeiðinga. Nefndin leggur þó áherslu á að að tryggja yrði að þeir sem telja vegið að æru sinni og mannorði á opinberum vettvangi njóti fullnægjandi réttarúrræða, einkum í formi ómerkingar ummæla og greiðslu miskabóta. Stýrihópurinn vinnur nú að tillögum í samræmi við framangreint og hefur leitað aðstoðar sérfræðings við það verkefni.

Eitt af verkefnum stýrihópsins hefur einnig falist því að athuga hvernig lögbann getur komið í veg fyrir fyrirhugaða útgáfu efnis, og í því skyni hvort rétt sé að takmarka með einhverjum hætti möguleikann á því að leggja lögbann við væntanlegri birtingu. Í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögum koma fram þau sjónarmið að mögulega sé þörf á lagalegum ráðstöfunum til að sporna við því að ákvæði í lögum verði ekki misnotuð til þöggunar og takmörkunar á tjáningarfrelsi. Hér er um að ræða ýmsar aðgerðir til að hindra miðlun efnis áður en til miðlunarinnar kemur. Í tengslum við þetta þarf að sjálfsögðu að afla upplýsinga um framkvæmd lögbanns í þessu skyni og því hvernig þessu úrræði hefur verið beitt. Til að leggja mat á þetta hefur verið safnað upplýsingum um þær lögbannsbeiðnir sem borist hafa sýslumannsembættunum á höfuðborgarsvæðinu vegna væntanlegri birtingu efnis. Þá óskaði stýrihópurinn eftir álitu réttarfarsnefndar innanríkisráðuneytisins þann 19. nóvember sl. þar sem óskað er eftir að nefndin taki til umfjöllunar hvort reglur um lögbannsheimildir í lögum um kyrrsetningu og lögbann o.fl., nr. 31/1990, skuli endurskoðaðar, þ.e. hvort afnema eigi með almennum hætti möguleika á að leggja lögbann við væntanlegri birtingu eða hvort að takmarka eigi með einhverjum hætti möguleika á að leggja lögbann við væntanlegri birtingu. Rétt er að geta þess að formlegt álit réttarfarsnefndar hefur ekki enn borist stýrihópnum.

Auk framangreinds mun stýrihópurinn halda áfram með athugun á efnisatriðum þingsályktunarinnar sem ekki hafa verið nefndir sérstaklega. Ljóst er að vanda verður til verks þar sem verkefnið er viðfangsmikið og spannar vítt svið. Hér eru heilmikil tækifæri til lengri tíma og við eigum eftir að geta bætt íslenska lagaumgjörð á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis til mikilla muna.

#### Forsaga málsins:

Þann 16. júní 2010 var samþykkt þingsályktun á Alþingi þess efnis að Ísland skapi sér afgerandi sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Felur ályktunin í sér að leitað verði leiða hér á landi til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er falið að vinna að framgangi þingsályktunarinnar og samkvæmt henni á ráðherra að upplýsa stöðu verkefnisins innan stjórnarráðsins.

Fljótlega eftir að þingsályktunin barst mennta- og menningarmálaráðuneyti með bréfi forseta Alþingis, þann 28. júní 2010, var hafist handa við greiningu á efni hennar og skyldum ráðuneytisins í því efni. Þá var jafnframt skoðuð löggjöf í nágrannaríkjunum og farið yfir þau álitaefni sem þingsályktunin tekur til. Í kjölfarið voru haldnir fundir með ráðuneytum og stofnunum sem málið varðar. Það var ljóst í upphafi að verkefnið er metnaðarfullt og umfangsmikið þar sem það nær til fjölda ráðuneyta og stofnana þeirra og hefur áhrif víða í samfélaginu og gæti jafnvel gert víðar í veröldinni. Þar sem engin fjárveiting fylgdi þingsályktuninni frá Alþingi var á hinn bóginn ekki unnt að ráðast í nauðsynlega greiningu á ýmsum tálum í lögum fyrir framgangi þeirra markmiða sem kveðið er á um í ályktuninni. Í desember 2011 ákvað ríkisstjórnin að leggja til 8 m.kr. í fjárukalögum til verkefnisins. Í kjölfarið var skipaður stýrihópur þann 3. maí 2012 og er honum ætlað að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar með hliðsjón af þjóðréttarskuldbindingum Íslands. Í stýrihópnum sitja m.a. sérfræðingar úr mennta- og menningarmálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, innanríkisráðuneyti, fjölmiðlanefnd og IMMI-stofnuninni með sérþekkingu á sviði tjáningarfrelsis og á sviði tækni og alþjóðlegra skuldbindinga. Formaður stýrihópsins er Ása Ólafsdóttir, dósent í lagadeild Háskóla

Íslands. Samkvæmt skipunarbréfi er stýrihópnum ætlað að skila tillögum sínum í formi greinargerðar sem á að geyma umfjöllun um helstu álítaefni og stefnumörkun fyrir efnisþætti nauðsynlegra lagabreytinga í samræmi við niðurstöður hennar. Þá er kveðið á um að umfjöllun í greinargerð skuli vera greinandi með ítarlegum rökstuðningi fyrir ástæðum tillagna, styrkleikum þeirra og ávinningi. Á grundvelli greinargerðar stýrihópsins er áætlað að lagst verði í nauðsynlegar lagabreytingar og eftir atvikum samin ný löggjöf. Ráðgert að stýrihópurinn ljúki störfum eigi síðar en í maí 2013.

#### Um framgang verkefnisins:

Lögð hefur verið áhersla á að verkefnið verði sem mest sýnilegt almenningi. Í tengslum við það var þingsályktunin sérstaklega kynnt og í því sambandi hefur verið útbúin sérstök vefgátt á heimasíðu ráðuneytisins þar sem almenningi er gert kleift að fylgjast með starfi stýrihópsins og koma athugasemdum og ábendingum á framfæri til hans. Stýrihópnum hafa borist bæði munnlegar og skriflegar athugasemdir. Aukinheldur hefur stýrihópurinn átt fundi með ýmsum sérfræðingum um afmarkaða efnisþætti þingsályktunarinnar við vinnslu verkefnisins.

Þá má geta þess að hinn 22. janúar sl. var haldið málþing um tjáningarfrelsi og vernd afhjúpenda á vegum stýrihópsins. Með málþinginu var leitast við að varpa ljósi á þær tillögur sem lagðar eru fram í þingsályktuninni. Jafnframt fjölluðu frummælendur um ólík málefni tengd tjáningarfrelsi og vernd afhjúpenda og hvert bæri að stefna í tengslum við lagasmíð um afhjúpendur á Íslandi. Þar að auki var rætt um tjáningarfrelsi blaðamanna í ljósi nýlegra dóma Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu. Málþingið var tekið upp og er áætlað að það verði aðgengilegt á vefgátt ráðuneytisins á allra næstu dögum.

Á fundi mennta- og menningarmálaráðherra með formanni stýrihópsins þann 11. júní sl. var m.a. rætt um verklag og vinnu stýrihópsins við framgang verkefnisins. Formaðurinn lagði til að stýrihópurinn myndi eftir atvikum leggja til eða undirbúa jafnóðum nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf ef stýrihópurinn teldi þær tillögur falla vel að tilgangi þingsályktunarinnar. Í tengslum við framangreint væri mikilvægt að tryggja góða samvinnu innan stjórnarráðsins þar sem tillögur stýrihópsins gætu átt undir málefnavið annarra ráðuneyta og því er nauðsynlegt að þeim verði komið í réttan farveg innan stjórnarráðsins.

Nú þegar hefur reynt á framangreint. Í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni er áréttað að mat flutningsmanna tillögunnar að gerðar verði tillögur um vernd afhjúpenda en fyrirmynd að slíkri löggjöf er að finna í ýmsum nágrannaríkjum Íslands. Tóku flutningsmenn fram að til greina komi að breyta ákvæðum um þagnarskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, sbr. lög nr. 45/1998 og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í því skyni. Stýrihópurinn hefur haft þetta til skoðunar og telur að skýrar reglur um þagnarskyldu opinberra starfsmanna séu mikilvægar til að tryggja framangreind atriði og stöðu afhjúpenda, en áður væri þó brýnt að afmarka nánar til hvaða atriða þagnarskylda opinberra starfsmanna nær hverju sinni. Af því tilefni kom á fund stýrihópsins, þann 15. ágúst sl., dr. juris Páll Hreinsson dómari við EFTA-dómstólinn og greindi frá rannsókn sinni um þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Páll hefur að undanfögnu lagst í ítarlega rannsókn á málsmeðferðarreglum stjórnarsýsluréttarins og þá sérstaklega um þagnarskyldu og tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hefur leitt í ljós eitt einkenna íslensks stjórnarsýsluréttar er varðar þagnarskyldureglur sem felst í því annars vegar hversu mörg og hins vegar hversu matskennd þessi ákvæði eru. Hugmyndir Páls snúast um að bæta nýjum kafla við stjórnarsýslulögin um þagnarskyldu opinberra starfsmanna, þ.e. að reglan um þagnarskyldu verði nánar afmörkuð og þau sjónarmið sem ráða eigi þagnarskyldu nánar dregin fram. Slík breyting væri til samræmis við reglur í Danmörku og Noregi. Páll lagði til að samhliða þessu yrði hugað að lagahreinsun í formi bandorms á gildandi þagnarskylduákvæði, en hann nefndi að þagnarskylduákvæði í íslenskum rétti væru afar mörg (um 140 talsins) og að flest þeirra gildi um afmarkaðan hluta stjórnarsýslunnar. Í kjölfarið fékk forsætisráðuneyti Pál Hreinsson til að semja frumvarp til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 í samræmi við ábendingar frá stýrihópnum. Með frumvarpinu væri stefnt að því að einfalda og samræma lagaákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og skýra skyldur þeirra varðandi meðferð trúnaðarupplýsinga, sbr. þingmálaskrá forsætisráðherra. Hins vegar hefur komið ljós að forsætisráðherra mun því miður

ekki leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi.

Þann 28. júní sl. óskaði stýrihópurinn eftir álitni refsiréttarnefndar innanríkisráðuneytisins á því hvort afnema skuli refsingar vegna ærumeiðinga í XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 40/1940, og jafnframt hvort rétt sé að réttarræði vegna ærumeiðinga verði alfarið færð af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar, eftir atvikum með nánari útfærslu á 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Hvatann að þessu má t.d. rekja til þess að ákvæði XXV. kafla hegningarlaganna hafa staðið nánast óbreytt frá því að þau voru sett árið 1940 þó að gerðar hafa verið miklar umbætur á sviði mannréttinda síðan þá. Í ljósi framangreinds hefur sprottið upp umræða um hvort efnisatriði XXV. kafla hegningarlaganna fái staðist nýrri viðhorf til mannréttinda m.a. með hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Aukinheldur ber að nefna breytt viðhorf í dómum Hæstaréttar Íslands og má það ekki síst rekja til áhrifa frá dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Þó svo að Mannréttindadómstóllinn hafi ekki lýst því yfir að refsíákvæði vegna ærumeiðinga séu sem slík ósamrýmanleg ákvæðum Mannréttinasáttmálanum, þá virðist dómstóllinn í auknum mæli gagnrýna notkun refsinga sem úrræðis á þessu sviði. Evrópuráðið hefur einnig hvatt aðildarríki til að fella úr gildi eða endurskoða refsíákvæði sín um ærumeiðingar. Þann 12. nóvember 2012 barst stýrihópnum álit refsiréttarnefndar. Niðurstaða nefndarinnar er m.a. sú að til greina komi að afnema refsíákvæði 234.-237. gr. almennra hegningarlaga um ærumeiðingar, að hluta eða öllu leyti. Það hafi ekki áhrif á niðurstöðu nefndarinnar þótt tiltölulega stutt sé síðan að Hæstiréttur Íslands dæmdi mann til refsingar fyrir ærumeiðingar, sbr. dóm í máli nr. 424/2009 frá 11. febrúar 2010. Þessar breytingar hefðu það í för með sér að einstaklingar gætu ekki gert refsikröfu í einkamáli sem höfðað væri vegna ærumeiðinga. Nefndin leggur þó áherslu á að að tryggja yrði að þeir sem telja vegið að æru sinni og mannorði á opinberum vettvangi njóti fullnægjandi réttarræða, einkum í formi ómerkingar ummæla og greiðslu miskabóta. Stýrihópurinn vinnur nú að tillögum í samræmi við framangreint og hefur leitað aðstoðar sérfræðings við það verkefni.

Eitt af verkefnum stýrihópsins hefur einnig falist því að athuga hvernig lögbann getur komið í veg fyrir fyrirhugaða útgáfu efnis, og í því skyni hvort rétt sé að takmarka með einhverjum hætti möguleikann á því að leggja lögbann við væntanlegri birtingu. Í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögum koma fram þau sjónarmið að mögulega sé þörf á lagalegum ráðstöfunum til að sporna við því að ákvæði í lögum verði ekki misnotuð til þöggunar og takmörkunar á tjáningarfrelsi. Hér er um að ræða ýmsar aðgerðir til að hindra miðlun efnis áður en til miðlunarinnar kemur. Í tengslum við þetta þarf að sjálfsögðu að afla upplýsinga um framkvæmd lögbanns í þessu skyni og því hvernig þessu úrræði hefur verið beitt. Til að leggja mat á þetta hefur verið safnað upplýsingum um þær lögbannsbeiðnir sem borist hafa sýslumannsembættunum á höfuðborgarsvæðinu vegna væntanlegri birtingu efnis. Þá óskaði stýrihópurinn eftir álitni réttarfarsnefndar innanríkisráðuneytisins þann 19. nóvember sl. þar sem óskað er eftir að nefndin taki til umfjöllunar hvort reglur um lögbannsheimildir í lögum um kyrrsetningu og lögbann o.fl., nr. 31/1990, skuli endurskoðaðar, þ.e. hvort afnema eigi með almennum hætti möguleika á að leggja lögbann við væntanlegri birtingu eða hvort að takmarka eigi með einhverjum hætti möguleika á að leggja lögbann við væntanlegri birtingu. Rétt er að geta þess að formlegt álit réttarfarsnefndar hefur ekki enn borist stýrihópnum.

Auk framangreinds mun stýrihópurinn halda áfram með athugun á efnisatriðum þingsályktunarinnar sem ekki hafa verið nefndir sérstaklega. Ljóst er að vanda verður til verks þar sem verkefnið er viðfangsmikið og spannar vítt svið. Hér eru heilmikil tækifæri til lengri tíma og við eigum eftir að geta bætt íslenska lagaumgjörð á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis til mikilla muna.

REYKJAVÍK 05.07.12

MENNTA OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

150 REYKJAVÍK

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb: <i>MM</i>
- 6. JULI 2012
Tilv: <i>MMR 17070071</i>
Db: <i>0.4.3</i>

RÁÐUNEYTIÐ ÖSKAR EFTIR  
ÁBENDINGUM ÞESS EFNIS AÐ ÍSLAND  
SKAPI SÉR AFGERANDI LAGALEGA  
SÉRSTÖÐU UM VERND TJÁNINGAR  
OG UPPLÝSINGAFRELSIS. ÉG VIL  
KOMA ÞÚ Á FRAMFÆRI AÐ  
RÁÐUNEYTI, ALÞINGI OG OPINBERAR  
STOFNANIR SVARI ERINDUM SEM  
TIL ÞEIRRA BERAST. ÞAÐ ER  
ÓPOLANDI OG ÚR TAKT VIÐ  
GAGNSÆI AÐ ÞANNIG SKULI  
HLUTIRNIR UERA.

VIÐÞINGARFYLST

ODDUR JÚLIUSSON  
010257 3879  
GRÆTTISGÖTU 67  
101 REYKJAVÍK  
SÍMI 695 4343







Alþingi - Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2015

Málsnúmer: 2010030055  
Skjalalykill: 3.30.013 Ráðgjöf og umsagnir

## Málefni: Umsögn um þingsályktun um tjáningar- og upplýsingafrelsi

Póst- og fjarskiptastofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Telur stofnunin vera tilefni til þess að gera eftirfarandi athugasemdir.

### *Tilgangur.*

Mikilvægt er að við útfærslu tillagna að þessu tagi verði búið svo um hnútana að góðar fyrirætlanir nái fram að ganga en framkvæmdin verði ekki til þess að vinna gegn þeim hagsmunum og hugsjónum sem upp er lagt með. Í þingsályktunartillögunni er að finna margþættar hugmyndir um það með hvaða hætti styrkja megi tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi. Mikilvægt er að hafa í huga að slíku frelsi fylgir mikil ábyrgð. Því telur stofnunin mikilvægt í þessu samhengi verði fjallað ítarlega um siðferði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð þeirra sem fara eiga með þetta aukna frelsi og þannig verði reynt að stuðla að því að þær hugmyndir og hugsjónir sem lagt er upp með nái fram að ganga. Jafnframt er á það bent að e.t.v. væri ráðlegt að huga að því með hvaða hætti ríkisvaldið getur stuðlað að því að siðferðileg sjónarmið og fagleg og sjálfstæð vinnubrögð verði höfð í hávegum komi til þess að löggjöf af þessu tagi verði innleidd hérlendis.

### *Efni fjarskiptasendinga*

Fjarskiptalöggjöf á Íslandi er hlutlaus að því er varðar það efni sem flutt er á almennum fjarskiptanetum, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 81/2003. Því verður ritskoðun eða aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi ekki við komið á grundvelli fjarskiptalaga. Póst- og fjarskiptastofnun telur mikilvægt að standa vörð um þessa grundvallarreglu og að hún sé í samræmi við inntak þingsályktunartillögunar.

### *Varðveisla upplýsinga um fjarskiptaumferð*

Í greinargerð með þingsályktuninni er m.a. vikið að varðveislu upplýsinga um fjarskiptaumferð í tengslum við markmið um samskiptavernd og vernd. Það er rétt að ákvæði 42. gr. fjarskiptalaga byggir að mestu á tilskipun nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um verndun persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum. Þeirri tilskipun var breytt með tilskipun nr. 2006/24/EB með það að markmiði að samræma skilyrði innan Evrópusambandsins fyrir varðveislu upplýsinga um fjarskiptaumferð í þágu rannsókn opinberra mála. Samkvæmt tilskipuninni er ríkjum skylt að kveða á um varðveislu slíkra upplýsinga í að lágmarki 6 mánuði en að hámarki 24 mánuði. Í tilskipuninni er að finna nánari fyrirmæli um hvernig standa skuli að söfnun, varðveislu og eyðingu upplýsinganna. Vegna fyrirstöðu EFTA ríkjanna, einkum Norðmanna, hefur tilskipunin ekki verið tekin upp í EES-samninginn ennþá.

Þrátt fyrir þetta voru gerðar breytingar á 42. gr. fjarskiptalaga með lögum nr. 78/2005 þar sem fjarskiptafyrirtækjum var gert skylt að varðveita upplýsingar um fjarskiptaumferð í þágu rannsókna opinberra mála og almannaöryggis í 6 mánuði. Er ákvæði 42. gr. fjarskiptalaga því að hluta til í samræmi við tilskipun nr. 2006/24/EB.

Umrædd tilskipun er umdeild eins og ráða má af greinargerð þingsályktunartillögunnar. Umfjöllunin er þó ekki nákvæm að því er varðar dóm þýska stjórnarskrárdómstólsins, sem nú liggur fyrir frá því 2. mars s.l. Fjallaði hann um stjórnarskrárlegt gildi laganna sem innleiddu tilskipunina í Þýsk landslög, en ekki tilskipunina sjálfa. Taldi dómstóllinn að ekki væri þörf á því að leita úrskurðar Evrópudómstólsins um hvort tilskipunin stæðist grundvallarlög sambandsins, samkvæmt stofnsáttmálum þess, auk þess sem hann komst að þeirri niðurstöðu að unnt væri að leiða tilskipunina í Þýsk lög þannig að þau stæðust stjórnarskrá landsins. Var það ein meginniðurstaða dómsins að það væri út af fyrir sig ekki í andstöðu við þýsku stjórnarskránnu í mæla fyrir um skyldubundna varðveislu upplýsinga um fjarskiptaumferð í þágu rannsóknar sakamála og almannaöryggis, s.s. á vegum leyniþjónustunnar. Hins vegar þyrfti slík lagasetning að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. um að gera ríkari kröfur um öryggi slíkra upplýsinga, að vissar tegundir upplýsinga skyldu vera undanþegnar varðveisluskyldu og að brot sem réttlættu aðgang að upplýsingunum þyrftu að vera tæmandi upp talin í lögum. Taldi dómstóllinn að þessi skilyrði væru ekki uppfyllt og felldi því viðeigandi ákvæði laganna úr gildi.

Fyrirnefndar tilskipanir eru nú í endurskoðun á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Verði niðurstaðan sú að koma til móts við gagnrýnisraddir og aðlaga sameiginlegu framkvæmdina að sjónarmiðum þýska stjórnarskrárdómstólsins er ljóst að breyta þarf ákvæði 42. gr. fjarskiptalaga, en í hana skortir þau skilyrði sem þýski stjórnarskrárdómstóllinn taldi vera nauðsynleg.

### Öryggi fjarskiptatenginga við Ísland

Fjarskiptaumferð til og frá Ísland fer að mestu um sæstrengi. Með fjölgun sæstrengja hin síðari ár hefur öryggi fjarskiptatenginga Íslands við umheiminn aukist til muna. Flutningsgeta sæstrengjanna er töluvert meiri en sú bandbreidd sem virkjuð er í dag. Vegna kostnaðar þarf að stilla bandbreiddina sem notuð er í samræmi við áætlaða þörf á hverjum tíma. Ekki er mögulegt að auka þá bandbreidd sem notuð er snögglega. Aukningin krefst aðdraganda, svo sem samnings milli viðkomandi aðila og góðs undirbúnings. Í alþjóðlegu tilliti er bandbreiddin lítil vegna smæðar fjarskiptaneta Íslands, t.d. í samanburði við lönd sem liggja á meginlandi Evrópu og selflytja oft umferð frá öðrum löndum á tiltölulega ódýran hátt. Hinir nýju öflugustu strengir sem tengja Ísland við umheiminn eru einungis þrír. Vegna takmarkaðs fjölda þeirra og þar af leiðandi þeirrar bandbreiddar sem er á lausu hverju sinni er Ísland viðkvæmara fyrir netárásum sem lúta að því að yfirfylla flutningsleiðirnar (e. congestion jam). En á þessu máli eru fleiri hliðar, t.d. auðveldar mikil bandbreidd til og frá landinu óvillhóllum aðilum að gera skaðlega netárás á netkerfi á Íslandi, þ.m.t. vefsetur hýst hér. Póst- og fjarskiptastofnun telur það vera skyldu sína að upplýsa Alþingi um þessa staðreynd í samhengi við þingsályktun þessa. Ljóst er að sú mikla vernd sem þingsályktunin felur í sér varðandi tjáningarfrelsið kann að verða skjól fyrir birtingu og hýsingu efnis hér á landi sem ógnað geta hagsmunum ýmissa aðila. Kynni sérstaða Íslands hvað þetta varðar og tiltölulega viðkvæmt fjarskiptasamband við útlönd að fela í sér aukna hættu á því að landið yrði fyrir slíkri netárás. Er þá horft til þess að það gæti verið nærtæk leið til að koma í veg fyrir aðgang að upplýsingunum og skapa þrýsting á hýsingaraðila þeirra um að fjarlægja þær. Nýlegt dæmi er af stórveldi sem hafði gert áætlun um hvernig mætti klekkja á WikiLeaks vefsetrinu. Önnur nýleg dæmi finnast um netárásir á heilu ríkin, svo sem Eistland og Georgíu. Bendir ýmislegt

til að slíkum málum eigi eftir að fjölga. Í sinni verstu mynd gætu afleiðingarnar orðið þær að hagsmunaaðilar myndu með leynd rjúfa fyrrgreinda sækpla og trufla þannig tímabundið fjarskiptasamband Íslands við umheiminn.

Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á það að á Íslandi er ekki starfræktur svo kallaður CERT hópur (Computer Emergency Response Team), eins og í flestum öðrum Evrópuríkjum. Hlutverk slíks hóps er að verja Internetið og önnur fjarskiptanet hérlendis fyrir netárásum og annarri óværu sem nú þrífst í þessum netum.

### *Upplýsingafrelsi*

Stofnunin telur aðgang almennings að opinberum upplýsingum afar mikilvægan. Hafa ber þó í huga að opinberar stofnanir hérlendis eru margar hverjar ekki mjög stórar eða hafa yfir að ráða þekkingu og mannafla sem er sérhæfður í því með hvaða hætti upplýsingar eru gerðar opinberar. Ljóst má vera að opinberar stofnanir hérlendis, þó litlar séu, sinna málaflokkum er varða mikla hagsmuni, bæði peningalega og hvað réttindi almennings varðar. Stórfyrirtæki sem hagsmuni hafa af því geta beitt stjórnvöld þrýstingi. Þau geta með kerfisbundinni beitingu laga um aðgang að opinberum upplýsingum, m.a. á meðan á málsmeðferð stendur, skapað sér stöðu sem keppinautar, almenningur eða jafnvel viðkomandi stjórnvöld standa höllum fæti gagnvart. Mikilvægt er því að stofnunum sé búið það starfsumhverfi að öflug stórfyrirtæki geti ekki gert út á kerfislægana veikleika lítilla íslenskra ríkisstofnana og skarað þannig elda að eign köku eða skaðað minni keppinauta sína eða almenning með þessum hætti.

Hvað varðar þá hugmynd að gera málaskrár aðgengilegar á netinu, þá ber að hafa í huga að málaskrár ríkisstofnana innihalda sumar hverjar, eftir eðli máls, viðkvæm gögn er varða persónuhagi nafngreindra einstaklinga og einnig upplýsingar um viðskiptalega þætti sem almennt er talið að ekki skuli gera opinbera. Því er mikilvægt að vandað verði mjög til alls undirbúnings löggjafar hvað þetta varðar með það að markmiði að tryggja persónuvernd og aðra lögvarða hagsmuni. Jafnframt bendir stofnunin á þann möguleika að ákvæði af þessu tagi taki eingöngu til gagna eftir gildistöku viðkomandi laga, því að öðrum kosti má búast við miklum kostnaði við að undirbúna málaskrár ríkisstofnana til birtingar, bæði tæknilega og ekki síður með tilliti til ofnagreindra þátta um persónuvernd og vernd lögvarinna hagsmuna.

### *Niðurlag*

Stofnunin telur þingsályktunartillöguna geta stuðlað að þeim markmiðum um lýðræðisumbætur sem lýst er. Mikilvægt er þó að huga að því að vanda til verka því frelsi fylgir einnig mikil ábyrgð. Umhverfi af þessu tagi getur skapað tækifæri og eflt atvinnulíf en kann einnig að kalla á kostnað vegna umbóta og mótvægis

Virðingarfyllt,

---

Hrafnkell V. Gíslason



**Þingsályktun -- tjáningar- og upplýsingafrelsi**  
Almennt: Tölvupóstur  
Málsnúmer: MMR12070071  
Málalyklar: 0.4.3  
Eigandi skjals: Margrét Magnúsdóttir  
Staða: Rafrænt skjalasafn  
Dagsetningar:  
Búið til: 16.08.2012  
Dagsetning skjals: 16.08.2012

Upplýsingar um viðskiptavin:  
Netfang: Umboðsmaður barna <ub@barn.is>

---

Frá: Umboðsmaður barna <ub@barn.is>  
Dags: 16.08.2012 10:54:41  
Til: <margret.magnusdottir@mrn.is>  
Efni: Þingsályktun -- tjáningar- og upplýsingafrelsi

---



**UMBOÐSMAÐUR BARNA**

Reykjavík 16. ágúst 2012  
UB: 1208/4.1

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.**

Stýrihópur sem skipaður var af mennta- og menningarmálaráðherra bauð umboðsmanni barna að senda athugasemdir og ábendingar um efni ofangreindrar tillögu til þingsályktunar með tölvupósti dags. 2. júlí 2012. Umboðsmaður barna þakkar fyrir það tækifæri og vill benda á eftirfarandi athugasemdir.

Umboðsmaður barna leggur áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans þar sem kveðið er á um skyldu aðildarríkja að tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsslega í ljós í öllum málum sem það varðar og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska. Auk þess er kveðið á um tjáningarfrelsi barna í 13. gr. Barnasáttmálans. Mikilvægt er að tjáningarfrelsi barna verði virt eins og fullorðinna enda eiga þau að njóta mannréttinda rétt eins og aðrir.

Auk þess bendir umboðsmaður barna á að hugað verði sérstaklega að vernd barna þegar kemur að tjáningarfrelsi annarra, t.d. foreldra. Opinská umfjöllun um viðkvæm málefni barna getur valdið þeim vanlíðan og haft slæm áhrif á sjálfsmýnd þeirra. Umboðsmanni hafa borist ábendingar þar sem sagt er frá því að foreldrar tjá sig um börn sín í ýmsum fjölmiðlum. Mikilvægt er að börn njóti sérstakrar verndar þar sem þau fá oft ekkert um það að segja hvort fjallað er um persónuleg málefni þeirra á opinberum vettvangi eða ekki. Umfjöllun fjölmiðla um persónuleg málefni barns getur leitt til þess að barnið verði berskjaldað fyrir einelti eða öðru neikvæðu áreiti.

Að lokum bendir umboðsmaður barna á að þörf sé á umræðu um tjáningarfrelsi og friðhelgi barna.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna

**Skrifstofa umboðsmanns barna**

Laugavegi 13, 2.hæð

101 Reykjavík, Ísland

Sími: 552 8999

Gjaldfrjálst númer: 800 5999

Heimasíða: [www.barn.is](http://www.barn.is)

Netfang: [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is)

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.



**Vernd tjáninga- og upplýsingafrelsis.**

Almennt: Tölvupóstur  
Málsnúmer: MMR12070071  
Málalyklar: 0.4.3  
Eigandi skjals: Margrét Magnúsdóttir  
Staða: Rafrænt skjalasafn  
Dagsetningar:  
Búið til: 16.08.2012  
Dagsetning skjals: 16.08.2012

Upplýsingar um viðskiptavin:  
Netfang: Ómar Benediktsson <ob@farice.is>

---

Frá: Ómar Benediktsson <ob@farice.is>  
Dags: 16.08.2012 17:42:43  
Til: "margret.magnusdottir@mrn.is" <margret.magnusdottir@mrn.is>  
Efni: Vernd tjáninga- og upplýsingafrelsis.

---

Sæl Margrét.

Vegna uppbyggingar á gagnaversiðnaði á Íslandi er gríðarlega mikilvægt og notendur þjónustunnar geti verið vissir um að gögn þeirra sé fullkomlega vernduð með lögum og enginn hafi aðgang að þeim. Hafa ber í huga að væntanlegir viðskiptavinir gagnavera geta verið að vinna með mjög mismunandi gögn, allt frá daglegum viðskiptum upp í einkaleyfahugmyndir sem unnið er að í lengri tíma. Alls konar textar og hugmyndir sem og tölulegar upplýsingar sem viðskiptavinurinn þarf að vera viss um að gögnin séu öruggari en í hans eigin tölvu í hans heimalandi. Þetta þarf því að vera a.m.k. jafn vel lagalega verndað og í öðrum löndum en helst betra því þá næði Ísland mikilvægu forskoti á markaðnum og nýtt milljarða fjárfestingar sem nú þegar er búið að leggja út í og er vannýtt.

Við höfum því ekki sérstaka skoðun á tjáningafresli frumvarpsins en þess mun meiri áherslu leggjum við á algjöra lagalega verndun upplýsinga í gagnaverum á Íslandi sem enginn getur haft aðgang að.

Kveðja,  
f.h. Farice ehf.  
Ómar Benediktsson



**Þingsályktun - tjáningar- og upplýsingafrelsi**

Almennt: Tölvupóstur  
Málsnúmer: MMR12070071  
Málalyklar: 0.4.3  
Eigandi skjals: Margrét Magnúsdóttir  
Staða: Rafrænt skjalasafn  
Dagsetningar:  
Búið til: 20.08.2012  
Dagsetning skjals: 20.08.2012

Upplýsingar um viðskiptavin:  
Netfang: Vantrú .is <vantru@vantru.is>

---

Frá: Vantrú .is <vantru@vantru.is>  
Dags: 20.08.2012 17:45:25  
Til: margret.magnusdottir@mrn.is  
Efni: Þingsályktun - tjáningar- og upplýsingafrelsi

---

Til: margret.magnusdottir@mrn.is  
Efni: Þingsályktun - tjáningar- og upplýsingafrelsi

Vantrú vill benda stýrihópnum að athuga hvort ekki sé rétt að afnema 125. grein hegningarlaga, hið svokallaða guðlastsákvæði.

Við teljum að markmið tillögurnar, að "skapi sérafgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningarfrelsis" muni ekki nást ef að í landinu séu í gildi lög sem gera það ólöglegt að "draga dár eða smána smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi".

Við teljum ákvæði 233. greinar hegningarlaga um hatursáróður gegn hópi manna m.a. vegna trúarbragða nægja.

Fenejjarnefnd Evrópuráðsins gaf nýlega út ítarlega skýrslu ([http://www.venice.coe.int/docs/2008/CDL-AD\(2008\)026-e.pdf](http://www.venice.coe.int/docs/2008/CDL-AD(2008)026-e.pdf)) um guðlastslög og komst að þeirri niðurstöðu að afnema ætti guðlastslög, en að hatursáróður ætti hins vegar að vera bannaður:

89. As concerns the question of whether or not there is a need for specific supplementary legislation in the area of blasphemy, religious insult and incitement to religious hatred, the Commission finds:

a) That incitement to hatred, including religious hatred, should be the object of criminal sanctions as is the case in almost all European States, with the only exceptions of Andorra and San Marino. The latter two States should criminalise incitement to hatred, including religious hatred. In the Commission's view, it would be appropriate to introduce an explicit requirement of intention or recklessness, which only few States provide for.

b) That it is neither necessary nor desirable to create an offence of religious insult (that is, insult to religious feelings) simpliciter, without the element of incitement to hatred as an essential component.

c) That the offence of blasphemy should be abolished (which is already the case in most European States) and should not be reintroduced.

Í nýlegu álitni (<http://www2.ohchr.org/english/bodies/hrc/docs/CCPR-C-GC-34.doc>) um túlkun tjáningarfrelsisákvæðis sáttmálans um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi komst Mannréttindanefnd Sameinuðu Þjóðanna að þeirri niðurstöðu að guðlastsákvæði á borð við það íslenska stæðist ekki kröfur sáttmálans:

48. Prohibitions of displays of lack of respect for a religion or other belief system, including blasphemy laws, are incompatible with the Covenant, except in the specific circumstances envisaged in article 20, paragraph 2, of the Covenant. Such prohibitions must also

comply with the strict requirements of article 19, paragraph 3, as well as such articles as 2, 5, 17, 18 and 26. Thus, for instance, it would be impermissible for any such laws to discriminate in favour of or against one or certain religions or belief systems, or their adherents over another, or religious believers over non-believers. Nor would it be permissible for such prohibitions to be used to prevent or punish criticism of religious leaders or commentary on religious doctrine and tenets of faith.

Undantekningatilfellið í 2. mgr. 20. gr., sem nefndin minnst á, fjallar einmitt um hatursáróður.

Þess má geta að Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu og ákvæði hans lögfest hér á landi með lögum nr. 10/1979.

Vantrú biður nefndina að hafa hugfast að starfssemi félagasamtaka eins og Vantrúar fer fyrst og fremst fram á netinu. Einstaklingar og hópar þurfa að geta átt samskipti í trúnaði þó vettvangurinn sé rafrænn. Uppljóstranir og leki eru nauðsynleg þegar um glæpsamleg athæfi er að ræða en um leið er að okkar mati nauðsynlegt að ekki sé talið eðlilegt að brjóta allan trúnað. Samkvæmt lögum er óheimilt að taka upp samskipti fólks án vitneskju þeirra. Með sama hætti teljum við að trúnaðarsamtöl einstaklinga á lokuðum vettvangi, t.d. á læstum spjallborðum eða lokuðum póstlistum, þurfi að njóta verndar laganna. Framtíðin í lýðræðislegri umræðu mun eiga sér stað á netinu, ekki á lokuðum fundum í bakherbergjum. Það skiptir ekki máli hvar í heiminum fundarmenn eru staddir, allir geta tekið þátt í starfi félaga sem starfa á netinu. Ef allt er opið og engin viðurlög eru við því að brjótast inn í slíkar umræður, afrita og dreifa er það ógnun við starfsemi slíkra félaga. Þetta er ekki einfalt mál en við biðjum nefndina að hafa þetta í huga og erum tilbúin að mæta fyrir nefndina og útskýra okkar sjónarmið.





SIÐMENNT  
Félag siðrænna húanista á Íslandi  
Æsufelli 4, 2F  
111 Reykjavík  
www.sidmennt.is  
sidmennt@sidmennt.is

Stýrihópur um tjáningar- og upplýsingafrelsi  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólgata 4  
150 Reykjavík

Kæru meðlimir stýrihóps.

Siðmennt þakkar það tækifæri að geta tjáð álit sitt á lagaumhverfi því sem gildir um upplýsinga- og tjáningarfrelsi. Það er örugglega margt sem má laga en Siðmennt ætlar í þessari álitsgjöf að takmarka sig við þau málefni sem hafa beina tengingu við hlutverk þess sem félags siðrænna húanista á Íslandi.

#### Úr stefnuskrá Siðmenntar:

*„Siðmennt lítur svo á að sannfæringarfrelsi, trúfrelsi og tjáningarfrelsi teljist til almennra lýðréttinda. Þau skuli ná til allra og þau megi hvorki afnema né skerða undir neinum kringumstæðum. Félagið telur að hið opinbera (ríkið, stjórnkerfið, þingið, dómskerfið, mennta- og heilbrigðiskerfið) eigi að starfa eftir veraldlegum leikreglum og án merkimiða einstakra trúar- eða lífsskoðunarfélaga. Félagið fer því fram á aðskilnað ríkis og kirkju og berst fyrir breytingum á lagaákvæðum sem mismuna þeim er standa utan trúfélaga.“*

Siðmennt gerir því athugasemd við: Lög um guðlast, lög um helgidagafrið og önnur lög sem sérstaklega beinast að Þjóðkirkjunni umfram önnur trúar- eða lífsskoðunarfélög.

#### Lög um guðlast

125. gr. almennra hegningarlaga (nr. 19/1940) er gjarnan kölluð lög um guðlast. Lagagreinin fylgir hér til skýringar:

„Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smáanar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 3 mánuðum. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.“

Hér er saksóknara gefin völd sem embættismaður hjá ríkisvaldinu ætti ekki að hafa. Honum er falið það hlutverk að leggja mat á hvenær dregið hefur verið dár að trúarkenningum eða guðsdýrkun, eða þær smánaðar. Hættan á misnotkun á þessu ákvæði er talsverð auk þess telur Siðmennt að umrædd grein hegningarlaga brjóti í bága við tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár og óskar eftir því að nefndin leggi til afnám greinarinnar.

## Lög um helgidagafrið


Siðmennt gagnrýnir einnig lög um helgidagafrið (nr. 32/1997) sem hafa þann tilgang „að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði og hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum Þjóðkirkjunnar“. Í 4. gr. þeirra laga er meðal annars farið út í að banna ákveðna starfsemi af þeirri ástæðu að um er að ræða helgidaga Þjóðkirkjunnar. Slíkar takmarkanir á frelsi ættu ekki að líðast í frjálsum lýðræðisríki þar sem trúfrelsi ríkir.

## Þjóðkirkjan

Siðmennt vill nefna það að skipulögð og kerfisbundin afskipti eiga sér stað gagnvart einu ákveðnu trúfélagi hér á Íslandi, en um er að ræða lagasetningar til þess að stjórna Þjóðkirkjunni og starfsfólki hennar. Samkvæmt grófri talningu eru yfir 30 lagabálfar sem fjalla um málefni Þjóðkirkjunnar. Þetta er fyrir utan einstaka lagagreinar sem finna má í öðrum lögum.

Óskar Siðmennt eftir því að stýrihópurinn mæli með því að ríkisvaldið hætti afskiptum sínum af trúmálum, hreinsi út lagaákvæði um trúmál fyrir utan þær greinar sem eiga að tryggja trúar- og lífsskoðunarfrelsi.

Fyrir hönd Siðmenntar,  
Svavar Kjarrval



## Bandalag íslenskra listamanna *Federation of Icelandic artists*

Margrét Magnúsdóttir  
Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sölvhólgötu 4  
IS-150 Reykjavík

Reykjavík 31. ágúst 2012

### Efni: Umsögn um þingsályktun um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis

BÍL - Bandalag íslenskra listamanna er samstarfsvettvangur fagfélaga íslenskra listamanna. Í því felst að gæta hagsmuna listamanna, verja frelsi þeirra til orðs og athafna og leggja lið baráttunni gegn hvers kyns ofsóknum á hendur listafólki og hindrunum í starfi þeirra. BÍL á í virku samstarfi við alþjóðleg baráttusamtök listamanna úr öllum listgreina sem berjarst fyrir tjáningarfrelsi, má þar nefna samtökin PEN international <http://www.pen-international.org/> og Freemuse – The World Forum on Music and Censorship <http://www.freemuse.org/sw305.asp>

Þó áhersla þingsályktunartillögunnar, sem hér er til umfjöllunar, sé styrking lýðræðisins með rétti almennings til óhlutrægrar fjölmiðlunar og rétti fjölmiðla til miðlunar óhlutdrægra fréttu, þá lítur BÍL svo á að einn og sami grundvöllur sé undir tjáningarfrelsi listamanna, almennings og fjölmiðla.

BÍL styður megininntak ályktunarinnar, að Ísland taki forystu í að innleiða afgerandi lagaramma um vernd tjáningarfrelsis, málfrelsis, upplýsingafrelsis og útgáfufrelsis og leggur áherslu á eftirfarandi þætti í því sambandi:

Horft verði til ákvæða mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og til fyrirmynda í löggjöf annarra landa, t.d. er stutt síðan norska þingið samþykkti að taka ákvæði um tjáningarfrelsi út úr hegningarlögum.

Fylgt verði fast eftir kröfunni um heimildamannavernd og vernd afhjúpenda.

Skýrð verði krafan um opna stjórnslu, þannig að ekki séu óeðlilegar hömlur á tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna um málefni tengd stjórnslunni.

Innleiðing ákvæða Árósasamningsins verði endanlega leidd í íslensk lög og tryggt að andi samningsins verði hafður að leiðarljósi við framkvæmd ákvæðanna.

Ryðja þarf úr vegi þeim hindrunum sem nú eru til staðar í starfsumhverfi skapandi atvinnugreina, en þær eru alla jafna leiddar af starfi listafólks. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðherra er um það bil að skila skýrslu með tillögum um úrbætur í þeim efnum, sem gætu verið gagnlegar í vinnunni við að tryggja vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar BÍL – Bandalags íslenskra listamanna,

Kolbrún Halldórsdóttir, forseti



**Greining á lagaumhverfi um vernd upplýsinga- og tjáningafrelsis**

Almennt: Tölvupóstur

Málsnúmer: MMR12070071

Málalyklar: 0.4.3

Eigandi skjals: Margrét Magnúsdóttir

Staða: Rafrænt skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 04.09.2012

Dagsetning skjals: 03.09.2012

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Vigdís Eva Líndal <Vigdís@personuvernd.is>

---

Frá: Vigdís Eva Líndal <Vigdís@personuvernd.is>

Dags: 03.09.2012 13:27:27

Til: margret.magnusdottir@mrn.is

Efni: Greining á lagaumhverfi um vernd upplýsinga- og tjáningafrelsis

---

Sæl Margrét.

Persónuvernd vísar til tölvubrúfs þíns, dags. 3. júlí 2012, þar sem kynnt er stofnun stýrihóps sem ætlað er að hafa forsögn um að leiða vinnu menntamálaráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfi um vernd upplýsinga- og tjáningafrelsis.

Stofnunin þakkar ábendinguna en að svo stöddu vill stofnunin vekja athygli á álitum starfshóps á vegum Evrópusambandsins (29. gr. starfshópurinn) sem Ísland er aðili að. Starfshópurinn hefur unnið ítarleg álit um uppljóstrara og hvernig málum skuli háttáð út frá persónuverndarsjónarmiðum í slíkum tilvikum. Álitið má finna hér:

[http://ec.europa.eu/justice/policies/privacy/docs/wpdocs/2006/wp117\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/justice/policies/privacy/docs/wpdocs/2006/wp117_en.pdf) en heimasíðu

starfshópsins er að finna hér: [http://ec.europa.eu/justice/data-protection/article-29/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/justice/data-protection/article-29/index_en.htm)

Þá er einnig að vænta niðurstöðu Evrópudómstólsins í máli er varðar tilskipun 2006/24/EB um varðveislutíma fjarskiptaupplýsinga (e. data retention directive) en Írland hefur óskað eftir forúrskurði dómstólsins um lögmæti tilskipunarinnar. Nánari upplýsingar um þær spurningar sem lagðar hafa verið fyrir dóminn er að finna hér:

<http://curia.europa.eu/juris/document/document.jsf?text=data%2Bretention%2Bdirective&docid=125859&pageIndex=0&doclang=en&mode=req&dir=&occ=first&part=1&cid=590175#ctx1>

Þá óskar Persónuvernd eftir því að hún verði upplýst um niðurstöðu stýrihópsins og áskilur sér rétt til að koma að fleiri athugasemdum gerist þess þörf.

Virðingarfyllt,

Vigdís Eva Líndal,  
lögfræðingur hjá Persónuvernd.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Áb.: *NA*  
17. SEP. 2012  
Tilv.: MMR *12070071*  
Db.: *0.4.3*



Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólsgrötu 4  
150 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 13. september 2012  
Tilv.: VEL12070071/00.06.01

**Efni: Þingsályktun - tjáningar og upplýsingafrelsi**

Við er til bréfs yðar þar sem ráðuneytinu er gefinn kostur á að senda ábendingar og athugasemdir til stýrihóps, sem skipaður hefur verið til að vinna að framgangi þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 16. júní 2010 um að Ísland skapi sér afgerandi sérstöðu varðandi vernd tjáningar og upplýsingafrelsis.

Ráðuneytið óskar eftir að fá að fylgjast með starfi stýrihópsins og mun eftir atvikum koma á framfæri ábendingum og athugasemdum síðar.

Fyrir hönd ráðherra

*Anna Lilja Gunnarsdóttir*  
Anna Lilja Gunnarsdóttir

*Guðrún Þorsteinsdóttir*  
Guðrún Þorsteinsdóttir

(3)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: MM
18. SEP. 2012
Tilv.: MMR 12070071
Db.: 0.4.3



Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
b/t Margrétar Magnúsdóttur  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 17. september 2012  
Tilv.: IRR12070063/22.0

Efni: Svar við bréfi menntamálaráðuneytisins um þingsályktun um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega stöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.

Innanríkisráðuneytinu hefur borist beiðni um umsögn varðandi þingsályktun um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis, þingsályktun nr. 23/138, þskj. 1392, 383. mál, frá 16. júní 2010, sbr. bréf menntamálaráðuneytis þess efnis dags. 3. júlí 2012.

Innanríkisráðuneytið telur mikilvægt að við slíkar breytingar og hér eru lagðar til sé vandað til verks og sérstaklega hugað að þeim afleiðingum sem svo róttækar breytingar kunna að hafa. Fyrir liggur að flestar þeirra breytinga sem lagðar eru til í þingsályktuninni varða málaflokka innanríkisráðuneytis með einum eða öðrum hætti. Ráðuneytið vill því koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

1. Varðandi vernd heimildarmanna; þ.e. hvort rétt sé að styrkja vernd heimildarmanna frekar en nú er í gildandi rétti bendir ráðuneytið á að í 25. gr. fjölmiðlalaga er að finna ákvæði um vernd heimildarmanna. Sú vernd tekur eingöngu til starfsmanna fjölmiðlaveitu um að þeim sé óheimilt að upplýsa um hver sé heimildarmaður að efni hafi heimildarmaður óskað nafnleyndar. Þessari leynd verður eingöngu létt ef heimildarmaður eða höfundur samþykki eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála. Það virðist ekki hafa reynt á þetta í framkvæmd en fjölmiðlalögin tóku gildi fyrir rúmu ári síðan. Undantekningarheimild 119. gr. sakamálalaga gerir ráð fyrir samþykki heimildarmannsins eða hagsmunamati dómara þar sem hagsmunir af því að upplýsa sakamál þurfa að vera ríkari en af því að halda heimildarmanni leyndum. Við hagsmunamatið ber dómara að líta til sjónarmiða um tjáningarfrelsið, sbr. 73. gr. stjórnskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Einnig má benda á að á vegum Evrópuráðsins eru til skoðunar reglur um vernd starfsmanna sem koma fram með upplýsingar í þágu almannahagsmuna.

2. Varðandi vernd afhjúpenda; þ.e. hvort rétt sé að styrkja vernd afhjúpenda (uppljóstrara), frekar en nú er í gildandi rétti og hvort til greina komi að breyta ákvæðum um þagnarskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. lög nr. 45/1998 og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er vakin athygli á því að í 5. gr. laga um sérstakan sakóknara er að finna ákvæði sem varðar vernd afhjúpara:

„5. gr. Ríkissaksóknara er heimilt að ákveða, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. og að

*fenginni rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs.*

*Skilyrði ákvörðunar skv. 1. mgr. eru að upplýsingar eða gögn tengist broti sem fellur undir rannsóknar- og ákærvald sérstaks saksóknara samkvæmt lögum þessum og talið sé líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti leitt til rannsókna eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við fyrirbyggjandi sönnunargögn. Þá er það skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnun fyrir broti.*

3. Varðandi samskiptavernd og vernd milliliða; þ.e. hvort rétt sé að styrkja vernd samskipta, með því að takmarka eða afnema rétt til vistunar samskipta þeirra hjá þriðja aðila, svo sem fjarskiptafyrirtækjum. Einnig varðandi hvort endurskoða skuli fjarskiptalög nr. 81/2003, þá sérstaklega 3. mgr. 42. gr. laganna sem kveður á um varðveislu fjarskiptagagna í sex mánuði í þágu rannsóknar sakamála eða almannaöryggis vill innanríkisráðuneytið benda á eftirfarandi:

Varðveisla fjarskiptaupplýsinga hefur komið nokkuð til tals á undanförunum misserum. Er ákvæði um varðveislu fjarskiptaupplýsinga að finna í 3. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, en ákvæðið var sett inn í lög in árið 2005, með breytingarlögum nr. 78/2005 og er þar kveðið á um að varðveita skuli upplýsingar um fjarskiptaumferð í sex mánuði. Er ákvæðið efnislega í samræmi við tilskipun 2006/24/EC um varðveislu fjarskiptaupplýsinga (e. Data retention Directive). Með breytingarlögum nr. 78/2005 var unnin mikil réttarbót, enda var fjarskiptafyrirtækjum gert skylt að eyða slíkum upplýsingum að tilskyldum tíma liðnum, en áður höfðu engar slíkar takmarkanir gilt og allur gangur á því hversu lengi fjarskiptafyrirtækin geymdu slíkar upplýsingar.

Ákvæðið heimilar ekki að efni fjarskiptanna sjálfra sé varðveitt, heldur er fyrst og fremst um að ræða upplýsingar varðandi hver var á bak við hvaða númer, hvort sem um er að ræða símanúmer eða IP-tölu, og hvaða teningar voru gerðar á hvaða tíma. Ákvæðið gerir kröfur til þess að fjarskiptafyrirtæki tryggi örugga vörslu gagnanna, og er það hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar að hafa eftirlit með því á grundvelli fjarskiptalaga. Enn fremur þarf að skoða ákvæði 42. gr. fjarskiptalaga í samræmi við 47. gr. fjarskiptalaga, en þar er skýrt tekið fram að fjarskiptafyrirtækjum er með öllu óheimilt að láta slíkar upplýsingar af hendi, nema því aðeins að dómsúrskurður þess efnis sé til staðar.

Við mat á því hvort æskilegt sé að takmarka eða afnema skyldu til vistunar upplýsinga um fjarskipti hjá þriðja aðila, s.s. fjarskiptafyrirtækjum, ber að hafa í huga að varðveisla fjarskiptaupplýsinga er mikilvægt rannsóknarúrræði lögreglu, sem eingöngu má nýta í þágu rannsókna alvarlegra brota, samkvæmt dómsúrskurði. Þá ber að nefna að það gæti reynst þungt í vöfum að hafna innleiðingu tilskipunar 2006/24/EC um varðveislu fjarskiptaupplýsinga, með tilliti til aðildar Íslands að EES samningnum.

Þrátt fyrir ofangreint er æskilegt að hafa í huga að ávallt má endurskoða framkvæmd við varðveislu fjarskiptaupplýsinga með hliðsjón af bestu öryggisstöðlum á hverjum tíma. Ýmis úrræði gætu komið til skoðunar til þess að bæta öryggi og takmarka aðgang óviðkomandi að varðveittum fjarskiptaupplýsingum, s.s. einhvers konar dulkóðunarlyklar eða með því að tryggja rekjanleika uppflettinga á varðveittum fjarskiptaupplýsingum með einhverjum hætti.

Loks ber að geta þess að nú stendur yfir endurskoðun á tilskipun Evrópusambandsins um varðveislu fjarskiptagagna, og búist er við að tillögur til nýrrar tilskipunar verði lagðar fram á



Með hliðsjón af því hversu stórt hlutverk fjarskipti leika í tengslum við tjáningar- og upplýsingafrelsi má nefna að íslensk fjarskiptalöggjöf er að afar miklu leyti í samræmi við fjarskiptalöggjöf Evrópusambandsins, vegna skuldbindinga Íslands vegna EES-samningsins líkt og fram hefur komið. Til stendur að innleiða nýlegar tilskipanir Evrópusambandsins á sviði fjarskipta þegar þær hafa verið teknar inn í EES- samninginn.

Ýmsar reglur tengdar fjarskiptum og starfsemi fjarskiptafyrirtækja geta haft snertiflöt við þingsályktunina, t.d. reglur er varða greið og aðgengileg fjarskipti. Til að mynda er mikilvægt að tryggja að skýrar takmarkanir liggja við því að loka á efni á Internetinu og að gætt sé að réttaröryggi í því sambandi.


Sérstök ástæða þykir til þess að benda á að í nýlegri tilskipun Evrópusambandsins eru gerðar breytingar á 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/58/EB um friðhelgi einkalífs og rafræn samskipti er varðar svonefnd smygildi (e. cookies). Eru nú gerðar kröfur um að aðildarríki tryggi að notendur séu upplýstir ef vefsíða nýtir sér smygildi til þess að safna upplýsingum um notandann. Með smygildi er átt við gagnapakka sem inniheldur texta, sem vefþjónn sendir til vafra og vistast í geymslu notanda. Vafriinn sendir smygildið síðan til baka í hvert skipti sem hann hefur samskipti við vefþjóninn í þeim tilgangi að auðvelda samskipti. Algengt er að smygildi sé vistað án vitundar notandans. Getur slíkur búnaður, s.s. smygildi, þó verið lögmætt og nýtsamlegt tól og nauðsynlegt í ýmsum tilgangi við notkun vefsíðna. Ýmsar ástæður geta legið því að baki að aðilar óska eftir því að geyma smygildi í endabúnaði notenda eða öðlast með notkun þeirra aðgang að upplýsingum sem þegar eru til staðar. Þrátt fyrir að tilgangur með notkun á smygildum sé að jafnaði fyrst og fremst lögmætur geta óþrúttnir aðilar einnig nýtt sér slíkan búnað og vistað smygildi í endabúnaði í öðrum tilgangi, til dæmis til að brjóta á friðhelgi einkalífs, fylgjast með hegðun netnotandans eða jafnvel koma fyrir spillikóða eða vírusum. Er því afar mikilvægt að notendur hafi vitneskju um það hvort og í hvaða tilgangi utanaðkomandi aðilar hafi með notkun smygilda eða hvers kyns búnaði aðgengi að upplýsingum í endabúnaði notenda.

Smygildi geta því með óbeinum hætti haft áhrif á friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi netnotenda.

Einnig má nefna lög nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, en þar er fjallað um takmörkun ábyrgðar milligönguaðila.

Með hliðsjón af mikilvægi þingsályktunarinnar um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis vill innanríkisráðuneytið koma því á framfæri að óskað er eftir samráði við ráðuneytið um mögulegar breytingar á þeim lögum sem varða málaflokka þess. Að lokum er menntamálaráðuneytinu frjálst að leita til sérfræðinga innanríkisráðuneytisins ef nefndin hefur spurningar um einstök atriði.

Fyrir hönd ráðherra



Bryndís Helgadóttir



Sigurbergur Björnsson

Þessu ári. Það gæti því reynst heppilegt að skoða tillögur til nýrrar tilskipunar samhliða endurskoðun íslenska ákvæðisins, standi vilji til þess, enda líkur til að sú tilskipun muni falla undir EES samninginn.

4. Varðandi málskostnað í málum sem varða tjáningarfrelsi og jafnframt hvort rétt sé að setja reglur um opinbera réttaraðstoð vegna málskostnaðar, sem hlýst af höfðun dómsmála sem varða tjáningarfrelsi eða hvort rétt sé að breyta réttarfarsreglum um þetta efni sérstaklega má benda á eftirfarandi:

Í einkamáli geta einstaklingar sótt um gjafsókn. Gjafsókn er veitt þeim sem ekki hafa fjárhagslega burði til þess að reka mál fyrir dómstólum þegar þeir hafa tilefni til málshöfðunar eða þurfa að taka til varna. Almennar reglur um gjafsókn er að finna í lögum um meðferð einkamála og þær eru nánar útfærðar í reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar og skilyrði gjafsóknar. Í undantekningartilvikum er kveðið á um lögbundna gjafsókn í sérlægum, og er það jafnan í málum þar sem einstaklingur er knúinn til þess að sækja rétt sinn gagnvart stjórnvöldum (t.d. í barnaverndarmálum og þegar einstaklingur sækir bætur vegna ólögðra þvingunaraðgerða lögreglu). Ein undantekning er frá því að einstaklingar geti einir fengið gjafsókn, og það er í þjóðlendumálum þar sem sveitarfélög geta fengið gjafsókn á grundvelli þjóðlendulaga, til þess að fá úrskurði óbyggðarnefndar hnekk.

5. Varðandi takmörkun á fullnustu erlendra dómsúrlausna í meiðyrðamálum og hvort rétt sé að breyta réttarfarsreglum hér á landi í því skyni að takmarka fullnustu slíkra dómsúrlausna hér á landi:

Ráðuneytið vill vekja athygli á því að hér þarf að líta til skuldbindinga Íslands vegna EES-samningsins og Lúganó-samningsins. Ísland tekur þátt í samstarfi við Evrópusambandsríkin, Noreg og Sviss um gagnkvæma fullnustu dóma í einkamálum á grundvelli Lúganósamningsins. Þetta er almennt til hagsbóta fyrir íslenska aðila sem þurfa að fá fullnustu fyrir kröfum sínum í Evrópu. Í Lúganósamningnum er að finna undanþáguákvæði varðandi viðurkenningu dóms sem gengur bersýnilega í berhöggi við allsherjarreglu á Íslandi.

Ennfremur er rétt að vekja athygli á því að Norðurlöndin eru að skoða þetta mál á vettvangi norræns samstarfs.

6. Varðandi annað sem talið er styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi hér á landi vill innanríkisráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri.

- a. Frumvarp til laga um landslénið .IS

Innanríkisráðuneytið bendir á að innanríkisráðherra hefur í þriggja lagum á Alþingi frumvarp til laga um landslénið .IS, en það hefur hingað til ekki verið afgreitt frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Markmið frumvarpsins eru í þágu almannahagsmuna að tryggja öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að íslenskum höfuðlénunum og að tryggja tengsl þeirra við Ísland, með því að kveða á um gagnsæja, örugga og skilvirka umsýslu með íslensk höfuðlén. Er frumvarpið nú til skoðunar í ráðuneytinu með hliðsjón af því hvort breyta þurfi einstökum þáttum þess áður en það verður lagt fram að nýju. Þrátt fyrir að lénafrumvarpið hafi ekki beina skírskotun til tjáningarfrelsis, er ljóst að vöntun er á reglum um lén, en þau spila lykilhlutverk á Internetinu. Brynt er að tryggja aðgengi að netinu og stuðla þannig að tjáningarfrelsi, og ennfremur koma í veg fyrir takmörkun aðgengis að netinu, vefsíðum eða efni á netinu til þess að koma í veg fyrir ritskoðun.

- b. Fjarskiptalöggjöfin